

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Dalbæjarland, Stokkseyri, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 15. desember 2021, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi Dalbæjarlands á Stokkseyri. Breytingin felur í sér að afmörkun skipulagssvæðis er breytt til samræmis við samþykkt deiliskipulag fyrir Tjarnarstíg.

Ekki er um aðrar breytingar á skipulaginu að ræða.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Austurbyggð II, Selfossi, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi íbúðarbyggðar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 15. desember 2021, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarbyggðar í Austurbyggð II, Selfossi. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að afmörkuð er 43 m² lóð fyrir spennistöð, á opnu svæði austan við enda götunnar Gljúfurland. Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags sem öðlaðist gildi 15. október 2021. Ekki er um aðrar breytingar á skipulaginu að ræða.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 17. desember 2021.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson, fulltrúi/skipulags- og byggingardeild.